

Föstudaginn 11. nóvember 1994.

Nr. 447/1994.

**Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

**Þórhalli Ölver Gunnlaugssyni**

(Símon Ólason hdl.)

Kærumál. Farbann.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. nóvember 1994, sem barst réttinum 8. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 4. nóvember sl. um, að varnaraðili sæti farbanni allt til laugardagsins 31. desember nk. Varnaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Með dómi Hæstaréttar frá 26. september sl. í málinu nr. 399/1994 var varnaraðila gert að sæta farbanni allt til þriðjudagsins 4. nóvember sl. vegna grunar um stórfelld brot á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, tengd rekstri einkafyrirtækis hans og fyrirtækinu Vatnsberanum hf., sem varnaraðili er annar tveggja stjórnarmanna í.

Sóknaraðili hefur gert grein fyrir því, að rannsókn málsins sé mjög umfangsmikil og beinist meðal annars að því að varpa ljósi á ráðstöfun varnaraðila á verulegum hluta þess endurgreidda virðisaukaskatts, sem hann er grunaður um að hafa fengið með röngum skýrslum og nemur umtalsverðum fjárhæðum. Hefur jafnframt verið bent á, að rannsókn málsins sé í öðrum atriðum vel á veg komin, en frekara farbann sé nauðsynlegt til að tryggja, að varnaraðili fari ekki af landi brott.

Með vísan til framanritaðs svo og 110. gr. laga nr. 19/1991 verður að telja fullnægt skilyrðum fyrir áframhaldandi farbanni varnaraðila. Samkvæmt því verður hin kærða ákvörðun staðfest.

D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.